



VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

ÚTGÁFULÝSING

ÚTGÁFA VÍKJANDI SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

1. kafli

Almennar upplýsingar um útgefanda:

1.1 Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.

Nafn útgefanda: VBS fjárfestingarbanki hf.

Kennitala: 621096-3039

Heimild til útgáfu: Á fundi stjórnar VBS fjárfestingarbanka hf. þann 29. nóvember 2007 var samþykkt heimild til útgáfu skuldaskjala allt að fjárhæð 20 milljarðar króna. Verðbréf sem þessi verðbréfalýsing nær til eru gefin út samkvæmt framangreindri heimild. Ástæða útgáfunnar er fjármögnun á starfsemi bankans.

Stofndagur: 15. október 1996.

Aðsetur: Borgartún 26
105 Reykjavík

Sími: 570-1200

Vefsvæði: www.vbs.is

1.2 Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefanda.

Jón Þórisson

Kt. 250364-2889

Forstjóri

Guðmundur Birgisson

Kt. 160767-3409

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Sigurður Hjalti Kristjánsson

Kt. 300172-5559

Forstöðumaður fjármögnunar og rekstrar

Ægir Birgisson
Kt. 281266-5009
Forstöðumaður markaðsviðskipta

1.3 Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.

VBS fjárfestingarbanki hf. starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum um verðbréfavíðskipti 108/2007. Samkvæmt 1.3. grein samþykktu félagsins er tilgangur þess að veita fjármálaþjónustu. Bankinn er eftirlitsskyldur aðili skv. lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.

2. kafli

Upplýsingar um útgáfuna:

2.1 Viðtakandi greiðslna

VBS fjárfestingarbanki hf., kt.621096-3039. Tengiliðir vegna greiðslna og bakvinnslu eru Ásta Jónsdóttir gjaldkeri, asta@vbs.is og Eygló Þ. Óttarsdóttir, bakvinnslu, eyglo@vbs.is.

2.2 Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.

Auðkenni:	VBS 08 2
Tegund bréfs:	Víkjandi vaxtagreiðslubríf
ISIN:	IS0000019099
Heildarheimild samkv. samningi:	ISK 2.900.000.000
Útgefið nú:	ISK 2.000.000.000
Nafnverðseiningar:	ISK 10.000.000
Útgáfudagur:	01.12.2008.
Fyrsti vaxtadagur:	01.12.2008.
Fyrsti gjalddagi vaxta:	01.12.2009.
Fjöldi gjalddaga á ári:	1 gjalddagi – 1. desember ár hvert
Lokagjalddagi:	01.12.2018.

Uppgreiðsluákvæði:

Heimilt er að greiða höfuðstól á vaxtagjalddaga þann 1. desember 2013 ásamt afborgun vaxta sem þar með verður lokagreiðsla vaxta.

Verðtrygging:

Já.

Nafnvextir og verðtrygging:

Skuldabréfin bera **10,0% fasta verðtryggða vexti fyrstu fimm árin**. Ef skuldabréfið er ekki greitt upp þann 1. desember 2013 hækka fastir verðtryggðir vextir í 15% frá þeim degi. Vextir reiknast árlega og greiðast með árlegum vaxtagreiðslum, í fyrsta sinn 01.12.2009. Dagaregla er Actual/Actual ICMA. Skuldabréfin eru bundin *vísitölu neysluverðs til verðtryggingar* með grunnvísitölu í desember 2008, sem er 322,3 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga vaxta, áður en vextir eru reiknaðir og á lokagjalddaga áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.

Gjaldmiðill:

Skuldabréfin eru gefin út í íslenskum krónum (ISK).

Verð:

Verð er án áfallinna vaxta (clean price).

Víkjandi staða krafna við gjaldþrot:

Við gjaldþrot útgefanda víkja kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fyrir öllum öðrum kröfum á hendur honum. Skuldin endurgreiðist því á eftir öllum kröfum öðrum en endurgreiðslu hlutafjár.

Skuldabréf þessi eru gefin út samkvæmt heimild í 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um víkjandi lán samkvæmt eiginfjárþætti B og lúta öllum þeim skilmálum sem um slík lán gilda.

Viðtökudráttur og vanskil: Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna enda hafi eigandi skuldabréfanna fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er eiganda skuldabréfanna heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð.

Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er á degi sem bankar eru ekki opnir. Verða dráttarvextir þá ekki lagðir á ef skuldari greiðir á næsta opna bankadegi.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 14 dögum eftir gjalddaga enda hafi eigandi skuldabréfanna fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun ásamt bankareikningi tengdum viðkomandi VS reikning, er eiganda skuldabréfanna heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar.

Ef eigandi skuldabréfanna er ekki með VS reikning hjá reikningsstofnun eða ekki með bankareikning tengdan við VS reiknings sem hefur verið stofnaður og greiðsla hefur ekki verið innt af hendi 14 dögum eftir þann dag að gjaldfallinnar greiðsla er krafist með sannarlegum hætti á skrifstofum útgefanda að Borgartúni 26, 105 Reykjavík, er eigandaskuldabréfanna heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvararlaust og án uppsagnar. Sama gildir ef skuldari leitar nauðasamninga eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta.

Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun samkvæmt 7. gr. laganna. auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Framsal: Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar skv. lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignarskráning rafbréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.

Stimpilgjald: Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi skv. 115. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Ágreiningsmál: Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Heimild: Á fundi stjórnar VBS fjárfestingarbanka þann 29. nóvember 2007 var samþykkt heimild til útgáfu skuldaskjala allt að 20 milljarða króna. Verðbréf sem þessi verðbréfalýsing nær til eru gefin út samkvæmt framangreindri heimild. Ástæða útgáfunnar er fjármögnun á starfsemi bankans.

2.3 *Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.*

Engin hlunnindi eða önnur réttindi fylgja útgáfunni.

2.4 *Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*

Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996 um skyldu aðila til að draga staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, er VBS fjárfestingabanka hf. skylt að draga staðgreiðslu af fjármagnstekjum og skila í ríkissjóð.

2.5 *Tilgreint sé inn á hvaða VS - reikning ráðstafa eigi útgefnum skuldabréfum.*

VBS fjárfestingabanki hf.
Kt. 621096-3039
VS-reikningur: 123906

2.6. *Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.*

3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og úbyrgjast endurskoðun ársreikninga:

3.1 Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.

Jón Þórisson
Kt. 250364-2889
Forstjóri
S: 570-1200
jon@vbs.is

Sigurður Hjalti Kristjánsson
Kt. 300172-5559
Forstöðumaður fjármögnunar og rekstrar
S: 570-1200
sigurdur@vbs.is

3.2 Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.

Frá 2007

Sigurður Jónsson
Kt. 290256-5269
Löggiltur endurskoðandi
KPMG

Fyrir 2007

Reynir Vignir
Kt. 040753-3469
Löggiltur endurskoðandi
PWC

Kristinn Freyr Kristinsson
Kt. 090873-5049
Löggiltur endurskoðandi
PWC

4. kafli

Fylgigögn með útgáfulýsingu:

4.1 *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*

Sjá meðfylgjandi vottorð.

4.2 *Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.*

Sjá meðfylgjandi gögn.

4.3 *Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.*

Á ekki við.

4.4 *Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*


VBS fjárfestingarbanki hf. er frumsöluaðili skuldabréfanna.

4.5 *Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.*

4.6 *Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.*

Reykjavík, 29. desember 2008,

F.h. útgefanda,



F.h. banka/verðbréfafyrirtækis,

